

Nr. 065 /12 Skálafell ÁR 50***Skipverji flækist í veiðarfærum og fer fyrir borð***

Skipaskr.nr. 0100
Smíðaður: Marstad Noregi, 1959, stál
Stærð: 148,9 brl. 200 bt.
Mesta lengd: 29,91 m Skráð lengd: 27,42 m
Breidd: 6,4 m Dýpt: 5,9 m
Vél: Cummins, 589 Kw, 1988
Fjöldi skipverja: 11



Skálafell© Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. júní 2012 var Skálafell ÁR 50 á netaveiðum á Selvogsbanka. Veður: Logn

Þegar verið var að leggja eina trossuna var drekinn látinn fara áður en síðasta netið var farið. Við það kom bugt af sértanum utan um upphandlegg skipverja, sem vann við lögnina, og hertist svo að bragðinu að hann dróst fyrir borð. Þegar hann lenti í sjónum slaknaði á tóginu og bragðið losnaði. Skipverjinn náði til færísins sem hafði verið sett fast og gat dregið sig að skipinu.

Einn skipverja var þá kominn í björgunarbúning og stökk í sjóinn til að bjarga þeim nauðstadda í Markúsarnet sem þeir voru svo dregnir í um borð. Skipið hélt til hafnar og var slasaða komið á sjúkrahús til aðhlynningar þar sem hann kenndi eimsla í hægri handlegg og síðu.

Við rannsókn kom fram:

- að netatrossan sem verið var að leggja var lögð af efra skutþilfari skipsins og voru færi og sértar þar einnig en annar endi þeirra lá fram í dráttarlúgu þar sem drekarnir voru. Einn skipverji (drekamaðurinn) var í því að láta drekana fara þegar honum var sagt það;
- að sögn skipstjóra og slasaða er venjulega kallað fram í „drekamanninn“ og hann látinn vita þegar eitt net er eftir af lagningunni og svo aftur þegar það er farið og drekinn á að fara;

- að skipverjinn (drekamaðurinn) sem sinnti þessu starfi sagðist hafa haldið að gleymst hefði að láta hann vita að síðasta netið væri að fara en það hafði komið fyrir áður að gleymst hefði verið að láta hann vita. Hann taldi því þetta vera „seinna kallið“ og hann ætti því að láta drekann fara;
- að slasaði sagði að hann hafi verið einn af þremur skipverjum við lagninguna á skutnum. Starf hans hafi verið að sjá um baujurnar og almennt eftirlit með að lagningin gengi snurðulaust fyrir sig. Þegar drekinn var látinn fara og tvö net voru eftir af lögninni hafi þeir á skutnum reynt að bjarga málum með því að halda við sértann eða setja færið fast til að netin sem eftir voru færu ekki út í haug;
- að slasaði sagði að handleggurinn hafi lent á milli sértans og lunningar þegar drekinn tók í og hann hafi gefið eftir áttakinu frá sértanum og látið sig fara fyrir borð en þegar slaknaði á bragðinu losnaði hann strax úr því;
- að slasaði var ekki með fleytitæki en var léttklæddur;
- að slasaði var aðeins örfáar mínútur í sjónum.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til ónákvæmra boðskipta á milli skipverja.

Nefndin bendir sjómönnum á að mikið öryggi sé í því að vera búnir léttum uppblásanlegum björgunarvestum við störf á þilfari sem blásast upp við að menn lendi í sjó.